

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Brynjar Þór Jónasson  
Dags. 12. september 2018  
Mnr. 2018010005



ÍSAFJARDARBÆR

## Viðbygging við Íþróttahúsið Torfnesi.

Í fjárfestingaáætlun Ísafjarðarbæjar árið 2018 voru áætlaðar 200 milljónir í viðbyggingu við Íþróttahúsið Torfnesi, 25. júní 2018 var áætlunin uppfærð og 130 milljónir færðar af viðbyggingu Íþróttahúss yfir á Sindragötu 4a, eftir standa 70 milljónir. Fyrirhuguð viðbygging á að hýsa framtíðar líkamsræktaraðstöðu í Skutulsfirði. Í byrjun árs 2018 hófst vinna við hönnun á viðbyggingu við Íþróttahúsið Torfnesi og var aðalhönnuður hússins, Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt, fengin til verksins ásamt Tækniþjónustu Vestfjarða og Lagnatækni. Fyrir liggja frumhugmyndir aðalhönnuðar að viðbyggingu og er næsta skref að fullgera aðalhönnun og ráða til verksins ráðgjafa til fullnaðarhönnunar. Bókfærður kostnaður við verkið árið 2018 er samtals kr. 4.528.235,-.

Mikilvægt er á þessum tímapunkti, áður en óskað er eftir frekari vinnu, að bæjarráð Ísafjarðarbæjar taki afstöðu til verkefnisins og gefi fyrirmæli um framhaldið.

Undirritaður óskar hér með eftir afstöðu bæjarráðs og fyrirmælum um framhaldið.

  
Brynjar Þór Jónasson  
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs